

STJÓRNARTÍÐINDI A 7 – 2005

22. mars 2005

17

Nr. 19

AUGLÝSING

frá forsætisráðuneytinu.

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra er á förum til útlanda. Í fjarveru hans gegnir Davíð Oddsson utanríkisráðherra störfum forsætisráðherra.

Forsætisráðuneytinu, 22. mars 2005.

F. h. r.

Halldór Árnason.

11. maí 2005

Nr. 20

LÖG

**um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt,
með síðari breytingum.**

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Á eftir 5. gr. laganna kemur ný grein, 5. gr. A, svohljóðandi:

Skattstjóri getur heimilað að tvö eða fleiri hlutafélög og einkahlutafélög verði samskráð. Skilyrði samskráningar eru að eigi minna en 90% hlutafjár í dótturfélögum sé í eigu móðurfélagsins sem óskar samskráningar eða annarra dótturfélaga sem einnig taka þátt í samskráningunni. Jafnframt hafi öll félögin sama reikningsár. Samskráning skal vera í nafni móðurfélagsins og skal að lágmarki standa í fimm ár. Ef samskráningu er slitið er ekki heimilt að